



Héraðsamband Vestfirðinga
B/t Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir
Árnagötu

Ísafjörður 26/5 2019

Efni; Umsókn Vestra í uppbyggingarsjóð vegna Vallarhúss

Vestri íþróttafélag hefur síðastliðinn vetur unnið mikið starf á efri hæð Vallarhúss á Torfnesi. Samkvæmt samningi félagsins og Ísafjarðarbæjar um Vallarhús hefur Vestri forræði yfir notkun efri hæðar hússins og hefur verið ákveðið að koma þar upp myndarlegum sal, salernum og eldhúsaðstöðu til notkunar fyrir allar deildir Vestra, auk annarra félaga eftir atvikum.

Vestri fékk Tækniþjónustu Vestfjarða til að aðstoða við gerð teikninga og kostnaðaráætlun fyrir verkið í heild, sem eru meðfylgjandi umsókn þessari. Hljóðar áætlun upp á rúmar fjórtán milljónir sem skiptis þannig að efni er um tíu milljónir og vinna fimm milljónir. Í áður nefndum samningi milli Vestra og Ísafjarðarbæjar var ákveðið um að Ísafjarðarbær ætlaði að koma upp salernisaðstöðu á efri hæð hússins. Ísafjarðarbær lagði Vestra til eina milljón til þess verks í vetur.

Síðastliðinn vetur, fram á vor hafa Vestramenn lagt áherslu á að koma salnum í viðunandi horf og lagt 320 klst vinnu í verkið fram að þessu. Búið er að mála sal og stigagang, reisa vegg með nýrri hurð í sal, fjarlægja ónýtar raflagnir og ljúka lagningu parkets.

Í haust er fyrirhugað að halda áfram með verkið og koma upp salernum og eldhúsaðstöðu þar sem nú er geymsla fyrir vallarsvæðið. Sú geymsla er ákaflega óhentug fyrir vallarstarfsmenn þar sem hún er á efri hæð og aðeins gengt inn í hana að ofanverðu. Því er öllum ljóst að ný geymsla fyrir svæðið þarf að vera í nýju knattspyrnuhúsi.

Tafla 1. Staða verkefnisins í maí 2019

Framlag Ísafjarðarbæjar	1.000.000
Styrkir til Vestra	1.100.000
Vinna Vestra; 320 klst @ 3.000kr	960.000

Hér með er sótt um **sex** milljónir króna í uppbyggingu félagsaðstöðu í Vallarhúsi og ljúka verkinu. Samkvæmt áætlun er eftir að framkvæma fyrir u.þ.b ellefu milljónir af kostnaðaráætlun. Vestri mun leggja til vinnu sem nemur fjórum milljónum og afla styrkja allt að tveimur milljónum.

Það er von Vestra að vel verði tekið í málaleitan þessa svo félagsaðstaða Vestra verði félaginu, iðkendum og samfélaginu öllu til sóma.

Með Vestrakveðju

Hjalti Karlsson

Formaður Vestra

